



## Leiðbeiningar um rithátt staðsetninga í baughnitum og útsetningu á línnum og hólfum

Mikilvægt er að gæta samræmingar við rithátt staðsetninga sem eru gefnar upp í baughnitum (breidd og lengd), sem og við útsetningu á línnum og hólfum í opinberum tilkynningum, lögum, reglugerðum, í tengslum við leyfisveitingar og fleira. Landhelgisgæsla Íslands birtir því eftirfarandi leiðbeiningar.

### Ritháttur baughnita

1. Staðsetning í baughnitum, þ.e. skurðpunktar breiddar- og lengdarbauga, verði ávallt rituð sem gráður og mínútur með viðeigandi táknum (gg°mm'). Heiti breiddar (N eða S) eða lengdar (V eða A) verði til áherslu ávallt ritað með hástaf, eins og tíðkast t.d. í ensku, og komi strax aftan við mínútumerkið (gg°mm'N). Breiddargráðan er ávallt rituð fyrst og lengdargráðan þar aftan við og aðgreint þar á milli með kommu (gg°mm'N, ggg°mm'V) eða bandstriki (gg°mm'N – ggg°mm'V).
2. Breiddargráður verði ávallt ritaðar með a.m.k. fjórum tölustöfum, t.d. 65°01'N. Lengdargráður verði ávallt ritaðar með a.m.k. fimm tölustöfum, t.d. 009°05'V.
3. Ef aukinnar nákvæmni er þörf verði mínútum skipt upp með aukastöfum í tíundu-, hundraðs-, eða þúsundahlutum og til samræmingar verði aukastafir jafnmargir í breiddar- og lengdarmínútum. Samkvæmt íslensku ritmáli er komma notuð til að aðgreina aukastafina. Táknið fyrir mínútur færast þá aftur fyrir aukastafina.

Dæmi a: 62°06,1'N, 014°00,2'V

Dæmi b: 63°48,10'N – 024°08,09'V

Dæmi c: 65°10,205'N, 009°47,130'V

4. Fyrir kemur við ritun baughnita að aukastafir í mínútum eru ritaðir sem sekúndur og er mikilvægt að greinarmunur sé gerður þar á því talsverður munur getur verið á staðsetningu eftir því hvor ritháttur er notaður. Sé þetta snið notað þá kemur mínútutáknið fyrir aftan heilu mínútuna en aftan við sekúndurnar kemur sekúndutákn (gg°mm'ss"). Sekúndurnar geta verið brotnar upp með einum til tveimur aukastöfum og kemur þá komma aftan við heilu sekúnduna og sekúndutáknið færast þá aftur fyrir aukastafina (gg°mm'ss,ss").

Dæmi: 65°10'12,3"N, 009°47'07,8"V (sama staðsetning og c- dæmi í lið 3)

*Landhelgisgæslan notar þennan rithátt hins vegar ekki í útgáfum sínum heldur þann sem kynntur er í liðum 1-3 og mælist jafnframt til þess að sá ritháttur verði almennt notaður.*

5. Fram hefur komið að í íslensku ritmáli eru brot úr mínútu rituð með kommu til aðgreiningar líkt og í öðrum germönskum málum (t.a.m. þýsku og Norðurlandamálum). Þegar baughnit eru rituð í enskum texta er aðgreining brota í mínútu gerð með punkti í samræmi við enska hefð (alþjóðleg hefð) og heiti breiddar eða lengdar þá í samræmi við ritmál á ensku.

Dæmi á íslensku: 64°18,7'N, 035°25,3'V

Dæmi á ensku: 64°18.7'N, 035°25.3'W

### Útsetning á línum og hólfum

- Línur og hólfur verði lýst með eins fáum punktum og mögulegt er.
- Við útsetningu á línur með baughnitum verði byrjað á nyrsta eða vestasta punkti sé þess kostur. Ef lína er til upplýsinga um stefnu, t.a.m. siglingaleið, verði byrjað á þeim punkti er markar upphaf línunnar.
- Við útsetningu hólfa með baughnitum verði byrjað á nyrsta punkti og þaðan verði punktum raðað réttsælis (e. clockwise). Ef tveir punktar eru á sömu breiddargráðu þá byrji upptalning punkta á norðvestur punkti.
- Liggi hólfa á hafi að landi að hluta verði eftir fremsta megni leitast við að gefa punkta við landið út í baughnitum. Við útsetningu verði byrjað á fyrsta punkti í réttsælis röðun frá landi. Þá verði getið með texta þegar hluti hólfs afmarkast af strandlínu eða landi.
- Stefnur og miðanir verði gefnar upp með þriggja stafa tölu, t.d. 075°, og þegar svo ber undir hvort um er að ræða réttvísandi (r/v) eða misvísandi (m/v) stefnu. Þegar stefna er gefin upp í enskum texta verði bókstafurinn T (e. true) ritaður aftan við töluna ef um réttvísandi stefnu er að ræða en M (e. magnetic) ef um misvísandi stefnu er að ræða.

Dæmi a: 075° r/v

Dæmi b: 045°T

Dæmi c: 025°M

- Vegalengdir á sjó verði að öllu jöfnu gefnar upp í sjómílum (skammstafað sml). Í enskum texta er notuð skammstöfunin NM (e. nautical mile). Ef um stuttar vegalengdir er að ræða, t.d. tugi eða fá hundruð metra, getur metrakerfið verið heppilegra.

Fyrir nánari upplýsingar er bent á að hafa samband við Landhelgisgæsluna í síma 545-2000 eða um netfangið [sjokort@lhg.is](mailto:sjokort@lhg.is).

Landhelgisgæsla Íslands

Sjómælinga- og siglingaöryggisdeild